

Uppbyggingasamningur

Ísafjarðarbær, kt. 540596- 2639 og Skíðafélag Ísfirðinga (hér eftir „SFÍ“), kt. 590269-2479, gera með sér svofelldan samning uppbyggingu á skíðasvæði Ísafjarðarbæjar á árinu 2019.

1. gr.

Aðilar eru sammála um að SFÍ óski eftir endurbótum á vegi upp á Breiðadalsheiði.

Endurbóta á veginum upp á Breiðadalsheiði kr. 1.500.000,-

- Keyrsla á efni, breikka hann og hefla.

SFÍ áætlar að heildarkostnaður við framkvæmdirnar sé að fjárhæð **kr. 4.500.000**.

2. gr.

SFÍ sjái til þess að allt umhverfi sé ávallt til fyrirmyndar meðan á framkvæmdum stendur. SFÍ ber ábyrgð á að afla tilskilinna leyfa fyrir framkvæmdum skv. þessum samningi.

3. gr.

Ísafjarðarbær greiðir efniskostnað kr. 1.500.000 við verklok. Verklok skulu vera tilkynnt í síðasta lagi 1. desember 2019 með lokaskýrslu og sundurliðuðu yfirliti um kostnað og afriti reikninga. Þegar fulltrúi Ísafjarðarbæjar hefur staðfest að framlag SFÍ til verkefnisins sé fullnægjandi fer greiðsla fram.

Ef framkvæmdir skv. 1. gr. samnings þessa hefjast ekki verður ekkert af greiðslum Ísafjarðarbæjar samkvæmt samningi þessum. Berist Ísafjarðarbæ ekki tilkynning um verklok, ásamt umbeðnum gögnum, skv. 1. mgr. 3. gr. samnings þessa fellur samningur þessi úr gildi og greiðslur ekki inntar af hendi Ísafjarðarbæjar.

4. gr.

Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar hefur eftirlit með verkinu og sjá um samskipti fyrir hönd Ísafjarðarbæjar. Brynjar Þór Jónasson, sviðstjóri umhverfis- og eignasviðs, er í forsvari fyrir sviðið. Sviðstjóri hefur eftirlit með að umgengni sé ásættanleg og að verkefninu sé eðlilega sinnt. Forsvarsmaður SFÍ vegna samnings þessa er Kristbjörn R. Sigurjónsson og ber forsvarsmaður ábyrgð á framkvæmdum við uppbyggingu gagnvart Ísafjarðarbæ.

5. gr.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða á Ísafirði. Samningur þessi er í tvíriti og undirritaður í votta viðurvist.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila.

Ísafirði, 04.09.2019

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Skíðafélags Ísfirðinga

Guðmundur Gunnarsson

Díana Jóhannsdóttir

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun:

Nafn Kennitala

Nafn Kennitala